

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1358**

2023/EES/68/07

frá 28. september 2020

**um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB að því er varðar eftirlit með
ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja sem eru að öllu jöfnu staðsett í
Bosníu og Hersegóvínu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/103/EB frá 16. september 2009 er varðar ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og um að fylgja því eftir að váttrygging vegna slíkrar ábyrgðar sé tekin ⁽¹⁾, einkum b-lið 2. gr., í tengslum við 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2009/103/EB á að meðhöndla ökutæki sem venjulega eru staðsett í þriðja landi, að því er varðar skjölin um skyldubundna ábyrgðartryggingu vegna notkunar slíkra ökutækja, sem ökutæki sem að öllu jöfnu eru staðsett í Sambandinu ef landsskrifstofur bifreiðatrygginga allra ríkjanna ábyrgjast hver um sig tjónauppgjör vegna slysa sem rekja má til notkunar ökutækja á yferráðasvæði þeirra samkvæmt ákvæðum eigin löggjafar um lögboðna ábyrgðartryggingu ökutækja.
- 2) Ákvæði 2. gr. tilskipunar 2009/103/EB gera beitingu á 8. gr. þeirrar tilskipunar, vegna ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett í þriðja landi, háða gerð samnings á milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og landsskrifstofu bifreiðatrygginga í slíku þriðja landi. Að auki, til að 8. gr. þeirrar tilskipunar gildi um slík ökutæki, á framkvæmdastjórnin að fastsetja daginn þegar ákvæði hennar koma til framkvæmda fyrir þessi ökutæki, og þær tegundir ökutækja sem ákvæðin skulu gilda um, eftir að hafa gengið úr skugga um í nánú samstarfi við aðildarríkin að slíkur samningur hafi verið gerður.
- 3) Þann 30. maí 2002 gerðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins og annarra samstarfsríkja samning þar sem tryggt er að fram fari uppgjör bótakrafna sem tilkomnar eru vegna slysa á yferráðasvæði þeirra af völdum ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yferráðasvæði annarra aðila að þeim samningi, óháð því hvort slík ökutæki eru tryggð („samkomulagið“).
- 4) Þann 13. júní 2019 undirrituðu landsskrifstofur bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum og skrifstofurnar í Andorra, Íslandi, Noregi, Serbíu og Sviss viðbót nr. 2 við samninginn um að bæta við landsskrifstofu bifreiðatrygginga í Bosníu og Hersegóvínu. Sú viðbót kveður á um raunsæjar ráðstafanir um afnám tryggingaeftirlits með ökutækjum sem getið er í samkomulaginu og að öllu jöfnu eru staðsett á yferráðasvæði Bosníu og Hersegóvínu sem nær til allra gerða ökutækja nema herökutækja sem skráð eru í því landi.
- 5) Þess vegna hafa öll skilyrðin fyrir afnámi eftirlits með ábyrgðartryggingu ökutækja í samræmi við tilskipun 2009/103/EB, að því er varðar ökutæki sem að öllu jöfnu eru staðsett í Bosníu og Hersegóvínu, verið uppfyllt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 19. október 2020 skulu aðildarríki hætta að beita eftirliti með ábyrgðartryggingu að því er varðar allar tegundir ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett á yferráðasvæði Bosníu og Hersegóvínu, að undanskildum herökutækjum sem skráð eru í því landi, við komu þeirra inn í Sambandið.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 314, 29.9.2020, bls. 66. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 382/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 11.

2. gr.

Aðildarríki skulu þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina um ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að beita þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 28. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
